

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 202/2022**

**frá 8. júlí 2022**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/175 frá 9. febrúar 2022 um breytingu á IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar innflutningsskilyrði vegna tilflutninga á sauðfé og geitum, sem eru ætluð til undaneldis, frá Stóra-Bretlandi til Norður-Írlands <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/214 frá 17. febrúar 2022 um breytingu á tilteknum viðaukum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 að því er varðar samþykki fyrir eða afturköllun á sjúkdómalausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna tiltekinna skráðra sjúkdóma <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/181 frá 9. febrúar 2022 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/260 að því er varðar tiltekna tilflutninga á lagardýrum, sem falla undir landsráðstafanir, milli aðildarríkja eða hluta þeirra og á I. viðauka við hana að því er varðar sjúkdómsstöðu Írlands með tilliti til ostruherpesveiru 1μvar (OsHV-1μvar) <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi varðar m.a. löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 29, 10.2.2022, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 37, 18.2.2022, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 29, 10.2.2022, bls. 40.

varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 13o (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/260) í hluta 1.1:

„, breytt með:

– **32022 D 0181**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/181 frá 9. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 29, 10.2. 2022, bls. 40).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13r (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2021/620) í hluta 1.1:

„– **32022 R 0214**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/214 frá 17. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 37, 18.2. 2022, bls. 16).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:

„– **32022 R 0175**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/175 frá 9. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 29, 10.2.2022, bls. 1).“

*2. gr.*

Norskur texti reglugerðar (ESB) 2022/175 og íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/214 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2022/181, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2022.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Kristján Andri Stefánsson***

*formaður*

ÓOPINBER ÞÝÐING